

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 310/1991. **Klettur hf.**

gegn

**Landsbanka Íslands,
Geir Garðarssyni,
Teppabúðinni hf.,
Íslandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sparisjóði vélstjóra,
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,
Eftirlaunasjóði Félags íslenskra
atvinnuflugmanna og
Verslunarlánasjóði.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. júlí 1991. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 19. júní 1991, á hluta fasteignarinnar Ármúla 1 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og synjað verði að öllu leyti um framgang uppboðsgerðarinnar ...“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti borgarfógetans í Reykjavík, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum sýslumannsins í Reykjavík til aðila málsins, þar sem því er beint til þeirra að senda greinargerðir sínar til Hæstaréttar. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt greinargerð sóknaraðila.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, í dag var þess óskað, að málið yrði fellt niður.

Varnaraðilar Landsbanki Íslands, Gjaldheimtan í Reykjavík,

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Klettur hf., greiði varnaraðilum Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna 20.000 krónur hverjum í kærumálskostnað.
